

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 9/2008**

**frá 1. febrúar 2008**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2006 frá 7. júlí 2006 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/43/EB frá 17. janúar 2003 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna <sup>(2)</sup>, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 44.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/593/EB frá 7. ágúst 2003 um breytingu á ákvörðun 2003/43/EB um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/190/EB frá 1. mars 2006 um breytingu á ákvörðun 97/808/EB um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar gólfefni og slitlag <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/213/EB frá 6. mars 2006 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar viðargólfefni og þiljur og klæðningar úr gegnheilum viði <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/600/EB frá 4. september 2006 um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds að því er varðar málmklæddar samlokueiningar með tvöföldu byrði fyrir þök <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/673/EB frá 5. október 2006 um breytingu á ákvörðun 2003/43/EB um röðun tiltekinna byggingarvara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar gífsplötur <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/751/EB frá 27. október 2006 um breytingu á ákvörðun 2000/147/EB um framkvæmd tilskipunar ráðsins

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 17, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 19.10.2006, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 13, 18.1.2003, bls. 35.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 201, 8.8.2003, bls. 25.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 47.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 79, 16.3.2006, bls. 27.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 244, 7.9.2006, bls. 24.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 276, 7.10.2006, bls. 77.

89/106/EBE að því er varðar flokkun byggingavara eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna <sup>(8)</sup>.

- 9) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/348/EB frá 15. maí 2007 um breytingu á ákvörðun 2003/43/EB um röðun tiltekinna byggingavara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar þiljur sem eru unnar úr viði <sup>(9)</sup>.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

### *1. gr.*

XXI. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE), tuttugasta og þriðja undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/808/EB):  
„, eins og henni var breytt með:  
– **32006 D 0190**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/190/EB frá 1. mars 2006 (Stjtið. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 47).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 89/106/EBE), sextugasta og sjötta undirlið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/147/EB):  
„– **32006 D 0751**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/751/EB frá 27. október 2006 (Stjtið. ESB L 305, 4.11.2006, bls. 8).“
3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 2d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/610/EB):  
„2e. **32003 D 0043**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/43/EB frá 17. janúar 2003 um röðun tiltekinna byggingavara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna (Stjtið. EB L 13, 18.1.2003, bls. 35) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 44, eins og henni var breytt með:  
– **32003 D 0593**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/593/EB frá 7. ágúst 2003 (Stjtið. ESB L 201, 8.8.2003, bls. 25),  
– **32006 D 0673**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/673/EB frá 5. október 2006 (Stjtið. ESB L 276, 7.10.2006, bls. 77),  
– **32007 D 0348**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/348/EB frá 15. maí 2007 (Stjtið. ESB L 131, 23.5.2007, bls. 21).  
2f. **32006 D 0213**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/213/EB frá 6. mars 2006 um röðun tiltekinna byggingavara í flokka eftir nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna að því er varðar viðargólfefni og þiljur og klæðningar úr gegnheilum viði (Stjtið. ESB L 79, 16.3.2006, bls. 27).  
2g. **32006 D 0600**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/600/EB frá 4. september 2006 um röðun tiltekinna byggingavara í flokka eftir nothæfi með tilliti til bruna af völdum utanaðkomandi elds að því er varðar málmklæddar samlokueiningar með tvöföldu byrði fyrir þök (Stjtið. ESB L 244, 7.9.2006, bls. 24).“

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 305, 4.11.2006, bls. 8.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 131, 23.5.2007, bls. 21.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2003/43/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 33, 8.2.2003, bls. 44, 2003/593/EB, 2006/190/EB, 2006/213/EB, 2006/600/EB, 2006/673/EB, 2006/751/EB og 2007/348/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. febrúar 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Alan Seatter***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.